

## HPE-2017-07 Hríseyjarbúðin, markaðsrannsóknir

Umsækjandi er Hríseyjarbúðin ehf. Markmið verkefnisins er því að rannsaka þarfir markhópa Hríseyjarbúðarinnar til að geta í kjölfarið farið í markaðsherferð. Útbúin verður nafnlaus könnun til þess að komast að óskum Hríseyinga gagnvart búðinni, en þá sér í lagi hvað varðar opnunartíma, verðlag og vöruúrval. Einnig verður gerð SVÓT greining, en greiningin felst í því að kortleggja hverjir eru helstu styrkleikar fyrirtækisins, hverjir veikleikarnir, hvaða ógnanir steðja að því og hvaða tækifæri/sóknarfæri fyrirtækið hefur. Auk þess er rannsakað hverjir eru helstu viðskiptavinir búðarinnar og hvaða aldurshópur verslar mest við búðina. Rannsakað verður af hverju fólk verslar við Hríseyjarbúðina frekar en að leita til annarra/stærra verslana, og einnig að hvaða leyti það sé sóknarfæri í nýjum markhópum. Bæði verslunarstjóri og stjórnaformaður ætla að heimsækja sambærilegar verslanir á landsbyggðinni til að skoða fleiri rekstrartækifæri og safna saman tölum fyrir verðkönnun. Niðurstöður markaðsrannsóknar þessar eru svo kynntar fyrir hluthöfum á aðalfundi Hríseyjarbúðarinnar. Í kjölfar markaðsrannsóknar verður farið í markaðsherferð sem byggist á niðurstöðum rannsóknarinnar. Langtíma markmið er að auka tekjur í búðinni til að tryggja að reksturinn standi að lokum undir sér.

Verkefnið fellur vel að markmiðasetningu byggðapróunarverkefnisins því það snýst um að efla þjónustu í Hrísey.

Verkefninu var úthlutað 1.000.000 kr.- árið 2017.